

Menntun starfsmanna sem vinna með fötluðu fólki.

Árið 2015 voru 26% starfsmanna sem höfðu háskólamenntun sem nýttist í starfi og var metin til launa.

Árið 2016 eru 25% starfsmanna sem hafa háskólamenntun sem nýttist í starfi og er metin til launa.

- Þar af eru þrjár starfsstöðvar þar sem forstöðumaðurinn er sá eini á starfsstöðinni sem er með háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Hæfingarstöðin á Bæjarhrauni er eini dagvinnustaðurinn sem er með í þessum útreikningum og eini staðurinn sem nær yfir 40% háskólamenntaðra starfsmanna. En þar eru 47% starfsmanna með háskólamenntun sem nýttist í starfi og er metin til launa.
- Þjónustukjarninn á Drekaöllum sem einnig sinnir frekari liðveislu er eini staðurinn með sólarhringsþjónustu sem nær að hafa 40% starfsmanna sem hafa háskólamenntun sem nýttist í starfi og er metin til launa.